


Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. Hildar Njarðvík nefndarritara  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. desember 2002  
Tilvísun: 0212012  
60.12

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 með síðari breytingum, þskj. 416, 370 mál.**

Íbúðalánasjóður telur æskilegt að hafa til staðar lagaheimild þá sem greinir í frumvarpinu og ætlað er að nýta í undantekningartilvikum. Sjóðurinn hefur þegar ákveðnar heimildir í gildandi lögum til afskrifa skulda einstaklinga eftir nauðungarsölu svo og skulda sveitarfélaga að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en einungis heimild til tímabundinnar frestunar á greiðslum lána félaga og félagasamtaka við sambærilegar aðstæður. Þau tilvik geta komið upp þar sem hagsmunum sjóðsins teldust betur borgið með niðurfellingu á hluta skulda félaga og félagasamtaka og þá í senn horft til fjárhagslegra hagsmuna sjóðsins sem og til félagslegra markmiða sem fram koma í 1. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Virðingarfyllst f.h. Íbúðalánasjóðs



Einar Jónsson hdl.